

Upplýsingar um kæranda:

Hagsmunasamtök Heimilanna

kt. 520209-2120

Frakkastíg 27

101 Reykjavík

heimilin@heimilin.is

Tengiliður:

Andrea J. Ólafsdóttir, formaður

Sími; 6988101

Netfang; formadur@heimilin.is

Kæran beinist gegn öllum stjórnendum bankanna sem eru á meðfylgjandi skjali. Vegna þess að gögn fyrirtækjaskrár eru ekki tæmandi og ná ekki aftur fyrir 2005 er fylgiskjalið með þeim fyrirvara að það vantar nöfn sumra stjórnenda bankastofnana á árabílinu 2001-2005. Kæran á að sjálfsgöðu að ná til stjórnenda þeirra banka er veittu gengistryggð lán á því tímabili og leggja Hagsmunasamtök heimilanna það verkefni í hendur saksóknara að finna nöfn á stjórnendum bankanna á því tímabili sem vantar inn í skjalið. Um er að ræða framkvæmdastjóra, bankaráð og stjórnir þeirra fjármálastofnana er veittu gengistryggð lán sem og þeim er seinna komu til og héldu áfram að innheimta þau,

sem hér eftir verða nefndir bankastjórnendur. Stjórnendur Arion banka, Kaupþings, Íslandsbanka, Glitnis, Landsbanka, BYR, SPRON, Frjálsa Fjárfestingabankans, Dróma (sem reyndar hefur ekki starfsleyfi til að gegna hlutverki fjármálastofnunar frá FME), SP, Avant og Lýsingar, auk annara banka sem á tímabilinu 2001-2012 veittu gengistryggð lán og/eða innheimtu þau og aðrir þeir sem hugsanlega kunna að bera ábyrgð.

Kæruefni:

Kæran beinist gegn stjórnendum bankanna (framkvæmdastjórum) og bankaráðum/stjórnnum bankanna (stjórnarmenn) fyrir að brjóta almenn hegningarlög og lög um hlutafélög og vanrækja eftirlitsskyldu sína. Vera má að saksóknari sjái ástæðu til að ákæra fyrir fleiri lögbrot en hér eru sérstaklega tilgreind.

Brotin eru fjögur að mati samtakanna

I. Í fyrsta lagi eru vaxtalög brotin með því að heimila gengisbindingu íslenskra lána. Hæstiréttur hefur í nokkrum málum (mál 153/2010, 603/2010 og 155/2011) staðfest að slíkt er ólögmætt og að slík lánveiting brjóti gegn 13. og 14. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Þetta brot beinist að bankastjórum og bankaráðum sem voru við stjórn frá 2001-2008, en eftir setningu neyðarlaga hafa nýjar lánveitingar af þessu tagi að mestu lagst af. Innheimta á ólögmætum lánum hélt þó áfram, og beinist því kæran einnig geng bankastjórnendum nýju bankanna.

Í 17. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 varða þessi brot sektum nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum. Kemur hér til greina að mati samtakanna að ákært verði fyrir brot á 248. og 264. gr. hgl. nr. 19/1940 og ákvæðum hlutafélagalaga einkum 68. og 76. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Bönkunum var kunnugt um að óheimilt væri að tengja íslenska lánveitingu við gengi erlendra gjaldmiðla, sbr. umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja sem er eitt af fylgiskjöllum með frumvarpi til breytinga á vaxtalögum. Leiði rannsókn málsins í ljós fleiri hugsanleg brot ber að sjálfsögðu að rannsaka þau sérstaklega.

II. Í öðru lagi eru vaxtalög brotin með því að bankarnir hafa vaxtavaxtareiknað höfuðstól lána við endurútreikning ólögmætra gengisbundinna lána. Nánar er um það að ræða að lán sem falla undir 18. gr. vaxtalaga og teljast vera ólögmæt eru endurreiknuð þannig að vextir eru lagðir við höfuðstól og mynda nýjan vaxtafót á hverju 12 mánaða tímabili. Einungis er heimilt í 18. gr. vaxtalaga að vaxtareikna upphaflegan höfuðstól. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna er skýrt tekið fram að ekki sé heimilt að krefjast vanskilavaxta né annarra vanskilaálaga. Útreikningur vaxtavaxta er í eðli sínu vanskilaálag. Heimild fyrir beitingu vaxtavaxta er í 12. gr. vaxtalaga. Samkvæmt 12. gr er einungis heimilt að leggja vexti við höfuðstól "Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir". Hér er greinilega átt við samningsbundið vaxtatímabil en ekki vaxtatímabil aftur á bak í tíma þegar skuldbinding hefur verið ógilt. Lengra vaxtatímabil en 12 mánuði er varla að finna nema á svokölluðum kúlulánum, sem almenningi standa yfirleitt ekki til boða.

Um 12. grein segir í frumvarpi til vaxtalaga að með ákvæðinu er ætlunin að mæla ótvírætt fyrir um að aðalreglan verði sú að heimilt sé að leggja almenna vexti við höfuðstól kröfu við útreikning vaxta, nema önnur niðurstaða leiði af samningum, venju eða lagafyrirmælum. Í þessu felst að 18. gr. vaxtalaga gildir framar 12. gr. en hún tiltekur að einungis sé heimilt að vaxtareikna upphaflegan höfuðstól. Það þýðir að 18. gr. ryður út heimildinni í 12. gr. verði talið að hún sé á annað borð til staðar við þær afbrigðilegu aðstæður að ekki er um eiginlegt 12

mánaða vaxtatímabil að ræða í samningi heldur er verið að reikna aftur í tímann 12 mánaða tímabil og lengra á greidda gjalddaga.

Niðurstaðan af þessu er sú að 12. gr. á ekki við skv. beinu orðalagi sínu. Verði hún talin eiga við þá ryður 18. gr. sömu laga út heimild 12. gr. Óheimilt er því að vaxtavaxtareikna skuldbindingar við endurútreikning lána. Er það mat samtakanna að hér komi til álita að ákæra fyrir brot á 248. gr. hgl. og 68. og 76. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995.

III. Í þriðja lagi er því haldið fram að bönkunum sé óheimilt að reikna hærri vexti aftur á bak í tíma, þegar greiddir hafa verið vextir fyrir sama tímabil. Sú aðgerð feli í sér brot á 248. gr. hgl. og eftir atvikum 68. og 76. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995. Það er skilningur samtakanna að hafi verið gefin út fullnaðarkvittun fyrir greiðslu, sem inniheldur afborgun af höfuðstól og vexti, sé þeirri kröfu lokið og ekki hægt að endurvekja og innheimta hærri vexti á það tímabil, sbr. tilskipun 9. febrúar 1798. Má þar einnig vísa til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjerna. Telja samtökin að við fullnaðarkvittun greiðslu hafi lántaki eignast eign (skuld hefur lækkað) sem varin er af stjórnarskrá, eignarréttarákvæði 72. gr. hennar, sem ekki verði tekin af honum bótalaust. Lagaákvæði sem stangast á við þetta stjórnarskrarákvæði séu því ógild. Íþyngjandi afturvirk lagaákvæði sem stangast á við 72. gr. stjórnarskrárinnar skal vikið til hliðar, sbr. Hrd. 274/2010. Samtökin telja að 5. mgr. 18. gr. laga 38/2001, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 151/2010, sem heimili að tvíreikna vaxtatímabil þó að vextir séu greiddir sé að þessu leyti ógild og 3. mgr. sama ákvæðis um að vexti skuli reikna frá og með stofndegi peningakröfu, verði að skýra þannig að stofndagur kröfu miðist við ógreidda peningakröfu.

IV. Í fjórða lagi er því haldið fram að bönkum sé óheimilt að innheimta vexti fyrir tímabil áður en þeir eignuðust kröfuna. Það er skilningur samtakanna að lögum samkvæmt eigi eigandi skuldabréfs eingöngu kröfurétt á eftirstandandi höfuðstól og vexti frá þeim degi sem hann eignast kröfuna, sbr. tilskipun 9. febrúar 1798. Fram að þeim degi á fyrrum eigandi skuldabréfsins kröfuna á bæði höfuðstólinn og vexti. Í tilfellum nýju bankanna gildir því að nýr lánadrottinn á ekkert tilkall til vaxtagreiðslna fyrir þann tíma, áður en hann varð löglegur eigandi skuldabréfsins. Öll innheimta vaxta frá tímabili fyrir þann tíma er kröfuhafi eignaðist kröfuna myndi samkvæmt þeim skilningi því teljast lögleysa og brot gegn 248. gr. hgl. og 68. gr. og 76. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995.

Fylgiskjöl:

1. Umsagnir frá SFF, SA og Verslunarráði Íslands um frumvarp er síðar varð að lögum 38/2001 þar sem fram kemur sá skilningur að lögin banni gengistryggingu lánsfjár.
2. Sýnidæmi af lánasamningum og eftir atvikum endurútreikningum þar sem klárlega er um brot að ræða.
3. Sönnunarútreikningur á vaxtavaxtaútreikningum
4. Listi yfir nöfn og kennitölur þeirra bankastofnana og stjórnenda með fyrirvara um að upp á vantar á tímabilinu 2001-2005 sem saksóknari bætir við við rannsókn málsins.

Reykjavík, 15. febrúar 2012

F.h. Hagsmunasamtaka Heimilanna

---

Andrea J. Ólafsdóttir, formaður

---

Vilhjálmur Bjarnason, varaformaður